

PJÓDMÁL

Kvennalistinn, sagan og sannleikurinn

**GUÐRÚN ÓGMUNDSDÓTTIR
KRISTÍN BLÖNDAL
SIGRÚN JÓNSDÓTTIR
STEINUNN V. ÓSKARSDÓTTIR
PÓRUNN SVEINBJARNARD.**

SKRIFA


Um síðustu helgi birti Dagur viðtal við Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur fræðikonu undir yfirskeftinni „Engin punturádstefna“ og vísaði í kvennarádstefnu sem haldin var á liðinni helgi í Borgarleikhúsini. Það er mikilvægt að ráðstefna af þessu tagi skuli haldin hér á landi og á hún vafalaust eftir að skila konum í þáttkulöndunum fram á veg í kvenfrelsisbaráttunni. Við lestar viðtalsins kemur hins vegar á óvart hvernig Sigríður Dúna fjallar um Samtök um kvennalista og jafnréttismálin almennt. Enn fer fram uppgjör við Kvennalistann og bornar á borð söguskýringar um samtökin sem ekki er lengur hægt að láta ósvarað. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Sigríður Dúna fjallar opinberlega um Kvennalistann eftir að hún sagði sig úr samtökunum árið 1995. Á liðnum árum hefur hún gert sér far um að gera viðskilnað sinn við Kvennalistann að umfjöllunarefnin opinberlega af minnsta tilefni. Sigríður Dúna var í fyrsta þingflokk Kvennalistans en ákvæð árið 1991 að hún ætti ekki lengur samleið með okkur hinum.

Samtök um kvennalista

Samtök um kvennalista voru stofnuð árið 1983 og buðu síðan fram til Alþingis og sveitarstjórnar um allt land. Flestir eru sammála um að með komu Kvennalistans inn í íslensk stjórmál hafi landslag stjórmálanna breyst. Tungutakið breyttist og umfjöllunarefnin urðu önnur. Eitt af því sem lagt var upp með var að samtökin væru tímabundið afl sem starfaði þar til hugmyndirnar væru sannarlega komnar inn í meginstrauma samfélagsins. Kvennalistinn hefur alla tíð ástundað vinnubrögð sem eru mjög ólík því sem tíðkast hjá öðrum stjórmálasamtökum. Kvennalistakonur hafa aldrei valið sér leiðtoga eða formann og sú vinnuregl að skiptast á að koma fram fyrir hönd samtakanna í fjölmilum þótti róttæk í meira lagi.

Grasrótarvinnubrögð

Grasrótarvinnubrögðin hafa



„Flestir eru sammála um að með komu Kvennalistans inn í íslensk stjórmál hafi landslag stjórmálanna breyst,“ segir meðal annars í greininni.

alltaf gert það að verkum að fleiri en ein kona hefur fengið að blómstra í starfi Kvennalistans á hverjum tíma. Söguskýring Sigríðar Dúnu er að þetta hafi haldið konum innan Kvennalistans niðri. Það er öðru næri. Þessi vinnubrögð gáfu konum eins og Guðrúnu Agnarsdóttur, Pórhildi Þorleifsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur, Málmfríði Sigurðardóttur, Jónu Valgerði Kristjánssdóttur, Guðrúnu J. Halldórsdóttur, Kristínu Einarssdóttur, Ingibjörgu Sólrunu Gísladóttur, Elínu G. Ólafsdóttur, Kristínu Ástgeirs dóttur, Guðnýju Guðbjörnsdóttur og okkur sem skrifum þessa grein tækifæri, sem stjórmálamenn úr gömlu flokkunum fá aldrei nema í krafti formennsku.

Völd og áhrif

Í viðtalini kemur einnig fram sú sköpun að það hafi verið ein af meginforsendum Kvennalistans að vera öðruvísi afl í íslenskum stjórmálum og standa utan við þá stjórmálflokka sem starfandi voru. Það er rétt en Kvennalistinn var að sjálfsögðu stofnaður til þess að hafa völd og áhrif. Völd til að hafa áhrif á það sam-

félög sem við búum í og búum börnum okkar og afkomendum. Það er fjarstæða að halda því fram að konur innan samtakanna hafi ekki viljað komast í valdastöðu. Skilja má orð Sigríðar Dúnu sem svo að það versta sem hent hafi Kvennalistann hafi verið brotthvarf hennar og þátttaka samtakanna í kosningabandalagi Reykjavíkurlistans. Er það í raun skoðun Sigríðar Dúnu að það skipti kvennabaráttuna og Kvennalistann engu máli að feminstinn Ingibjörg Sólrun Gísladóttir hafi orðið borgarstjóri?

Breytt staða

Gengi Samtaka um kvennalista í alþingiskosningum sýnir að þegar hinir hefðbundnu flokkar fóru að taka upp baráttumál Kvennalistans byrjaði fylgi samtakanna að dala. Staða Kvennalistans breyttist og í ljós kom að ekki var lengur hljómgrennur hjá kjósendum fyrir sérframboði kvenna. Það er athyglisvert að Sigríði Dúnu er ákaflega tamt að nota ártalið 1991 sem annus horribilis í sögu Kvennalistans. Hvort það er vegna þess að þá hætti

hún sjálf afskiptum af Kvennalistanum eða af einhverjum öðrum sökum skal ósagt látið. Til upprifjunar skal á það minnt að Reykjavíkurlistinn var stofnaður árið 1994. Það er ljóst að Sigríði Dúnu er uppsigað við Reykjavíkurlistinn og þátttoku kvennalistakvenna í honum og síðar í Samfylkingunni. Við hinum gerðum okkur grein fyrir því að við breyttar aðstæður í stjórmálum var hættá að rödd kvenfrelsis hætti að heyrast í íslenskri pólitík. Og það hefði verið slæmt, ekki samtakanna vegna, heldur fyrst og fremst vagna þeirra mæfna sem Kvennalistinn stendur fyrir, að leggja árar í bát.

Hægri og vinstri

Fyrverandi kvennalistakona sem hafnaði hér áður fyrir hugtökum vinstri og hægri keppist nú við að skilgreina Kvennalistann til vinstri. Ef þau málefni sem kvennalistakonur standa fyrir í stjórmálum í dag, svo sem að tryggja börnum aðgang að leikskólum, setja fram skýra jafnréttisstefnu og framfylgia henni, einsetja grunnskóla og bæta skólastarf, stjórn með fólk í lýðræði

islegan hátt og setja fram skýra fjármálastefnu - telst vinstristefna að hennar mati, þá hlýtur Kvennalistinn að teljast vinstrisinn að afl. Allt þetta eru mál sem Samtök um kvennalista börðust fyrir og settu á dagskrá stjórmálanna strax í upphafi. En hvar skyldi Sigríður Dúna staðsetja sjálfa sig í stjórmálum? Um það var hún ekki spurð.

EKKI TIL SÓMA

Að lokum þetta. Sigríður Dúna á svo sannarlega heiðurinn að því ásamt fleiri konum að hafa stofnað Kvennalistann. Um það er ekki deilt. En söguskýringar á borð við þær sem hún setti fram í viðtalini í Degi sl. laugardag eru henni ekki til sóma. Kvennalistinn er afl sem hefur skilað miklu árangri í stjórmálum. Konur úr Kvennalistanum eru í dag fulltrúa í sveitarstjórnun og á Alþingi og raddir kvennalistakvenna hljóma viða í samfélögum í þágu kvenfrelsis og mannréttinda. Þeirri staðreyni fær Sigríður Dúna Kristmundsdóttir ekki haggað.



Guðrún Ógmundsdóttir
alþingismaður.




Kristín Blöndal,
borgarfulltrúi.



Sigrún Jónsdóttir bæjarfulltrúi
í Kópavogi.



Steinunn Valdís Óskarsdóttir
borgarfulltrúi.



Pórunn Sveinbjarnardóttir,
alþingismaður.